



Lokaathugasemdir Barnaréttarnefndar Sp

Velferðarvaktin
23. maí 2023


Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið



Hvað eru lokaathugasemdir?

- Lokaathugasemdirnar (e. concluding observations) eru athugasemdir og tillögur frá Barnaréttarnefnd SP um framkvæmd Barnasáttmálans á Íslandi.
- Leiðbeiningar um það hvernig sé hægt að tryggja betur réttindi barna samkvæmt sáttmálanum.







Lokaathugasemdir til Íslands 2022

- Nefndir fagnar ýmsum ráðstöfunum sem gripið hefur verið til hér á landi.
- Á sama tíma er bent á margt sem þarf að bæta, þar á meðal eru nokkrar athugasemdir sem kalla á brýnar ráðstafanir:
 - Sjálfstætt eftirlit (12), ofbeldi gegn börnum (25), fötluð börn (30), geðheilbrigði (32), menntun (38) og börn í leit að alþjóðlegri vernd og börn farandfólks (42).
- Hugtakið barn.
 - Gagnrýnt að hægt hafi verið að heimila börnum að sækja um undanþágu til að ganga í hjúskap – hefur þegar verið breytt!



Almennar ráðstafanir við innleiðingu

- Fylgja eftir þingsályktun um barnvænt Ísland og efla stýrihóp í málefnum barna.
- Úttekt á löggjöf.
- Tryggja jafnt aðgengi barna að þjónustu, óháð búsetu.
- Greina útgjöld hins opinbera með tilliti til réttinda barna.
- Efla mælaborð um farsæld barna og safna gögnum um mismunun gegn börnum o.fl.
- Sjálfstætt úrræði til að taka á móti kvörtunum frá börnum og sjálfstæð mannréttindastofnun.
- Vitundarvakning um réttindi barna og kerfisbundin fræðsla.



Almennar grundvallarreglur

- **Jafnræði.**
 - Jafnt aðgengi að þjónustu eftir búsetu, lagarammi gegn mismunun, rannsóknir o.fl.
- **Það sem er barni fyrir bestu.**
 - Tryggja að meginreglunni sé beitt í framkvæmd t.d. í tengslum við forsjá, ákvarðanir sem varða alþjóðlega vernd og dvalarleyfi.
 - Veita leiðbeiningar til þeirra sem taka ákvarðanir um mat á hagsmunum barna.
- **Virðing fyrir skoðunum barns.**
 - Tryggja þátttöku barna og að öll sveitarfélög stofni ungmennaráð.
 - Valdefla börn í viðkvæmri stöðu og fræða þau sem vinna með börnum.



Borgaraleg réttindi og frelsi

- Tryggja réttindi barna sem eru á Íslandi án dvalarleyfis.
- Tryggja rétt barna til að þekkja uppruna sinn með því að afnema nafnleynd kynfrumugjafa við tæknifrjóvgun.
- Breyta lögum þannig að börn séu ekki skráð í trúfélög fyrr en þau geta tekið sjálfstæða ákvörðun.
- Efla félagafrelsi barna, þannig að þau geti sjálf skráð félög og tekið fullan þátt í þeim.
- Vernda réttindi og öryggi barna í stafrænu umhverfi m.a. með því að auka fræðslu og stafrænt læsi.



Ofbeldi gegn börnum

- Skilvirk rannsókn og saksókn vegna ofbeldis gegn börnum.
- Barnvæn úrræði og þjónusta fyrir þolendur og vitni.
- Ráðstafanir til að fyrirbyggja ofbeldi, með áherslu á viðkvæma hópa.
- Vitundarvakning og fræðsla um kynferðislegt ofbeldi, m.a. á netinu.
- Könnun og gagnasöfnun um ofbeldi til að nýta í stefnumótun.
- Ófrjósemisaðgerðir og aðgerðir á intersex börnum.
 - Veita intersex börnum og fjölskyldum þeirra stuðning o.fl.



Fjölskyldan og önnur umönnun

- Auka málshraði í forsjár- og umgengnismálum og tryggja fræðsla og ráðgjöf.
- Tryggja aðgang barna að leikskóla að loknu fæðingarorlofi.
- Umbætur í barnaverndarkerfinu og fræðsla til barnaverndaryfirvalda um friðhelgi einkalífs barna.
- Eftirlit með vistun barna í fóstur og stuðningur og ráðgjöf við fóstur- og ættleiðingarforeldra.
- Styrkja ráðstafanir sem miða að menntun, færni og tækifærum til sjálfstæðs lífs fyrir börn sem hafa verið vistuð utan heimilis.



Fötluð börn

- Efla stuðning við fötluð börn, tryggja aðgang að snemmtækum greiningum og stuðningi og stytta biðtíma eftir greiningu.
- Tryggja að fjölskyldur fatlaðra barna af erlendum uppruna þekki leiðir til að leita eftir stuðningi og þjónustu.
- Tryggja að foreldrar með sameiginlega forsjá fái báðir viðeigandi stuðning fyrir barn.
- Tryggja aðgengi fatlaðra barna að opinberum byggingum og húsnæði í einkaeigu.



Geðheilbrigði

- Styrkja þjónustu, bæta yfirsýn yfir biðlista og taka mið af mismunandi þörfum barna.
- Fjárfesta í fyrirbyggjandi aðgerðum vegna sjálfsvíga og slæmrar geðheilsu og taka tillit til sjónarmiða barna við þróun viðbragðsþjónustu.
- Tryggja að ávísun lyfja sé einungis nýtt sem lokaúrræði.
- Tryggja menntun, fræðslu og stuðning við foreldra.
- Banna að börn með geðheilbrigðisvanda séu höfð í varðhaldi.
- Skima fyrir geðheilbrigðisvanda og tryggja snemmtækan stuðning.



Heilsa og velferð

- Heilbrigði unglunga.
 - Kynfræðsla á öllum skólastigum, fræðsla um jafnrétti o.fl.
 - Styrkja forvarnir gegn fíkniefnum, áfengi og tóbaki og tryggja aðgengi að viðeigandi og barnvænni meðferð.
- Gera ráðstafanir til að efla brjóstagjöf fyrstu sex mánuðina í lífi barns.
- Efla vitund barna um áhrif loftslagsbreytinga og tryggja að tekið sé mið af þörfum þeirra og viðhorfum í þeim aðgerðum sem gripið er til.
- Vinna gegn fátækt, tryggja að öll börn búi við viðeigandi lífsskjör og taka sérstakt tillit til barna í viðkvæmri stöðu.



Menntun

- Draga úr brottfalli úr skóla m.a. með því að veita börnum í viðkvæmri stöðu stuðning og bæta skráningu.
- Styrkja nám án aðgreiningar fyrir fötluð börn, með því að auka fjármagn, tryggja einstaklingsbundinn stuðning, aðgengi o.fl.
- Bæta gæði menntunar og tryggja nægilegan fjölda hæfra kennara.
- Berjast gegn ofbeldi í skólum, m.a. með vitundarvakningu, valdeflingu og þjálfun kennara.
- Stuðla að starfsmenntun til að efla færni barna, m.a. þeirra sem hverfa úr skóla.
- Tryggja þátttöku barna og ungmenna í mótun menntastefnu.



Menntun, tómstundir og menning

- Efla mannréttindafræðslu á öllum skólastigum og þróa fræðsluefni til að efla virðingu fyrir fjölbreytileika fólks.
- Þróa leiðbeiningar til að tryggja gæði tómstunda- og frístundastarfs fyrir börn eldri en 9 ára.
- Styðja við verkefni sem miða að því að efla rétt barna til tómstunda, leiks, menningarlífs og lista og tryggja að það starf sem er í boði sé aðgengilegt fyrir viðkvæma hópa barna og að þátttaka barna sé tryggt við skipulagningu, hönnun og eftirlit.





Börn í leit að alþjóðlegri vernd, með alþjóðlega vernd og börn farandfólks.

- Tryggja nægilegt fjármagn og tryggja að móttaka og þjónusta sé barnvæn.
- Forgangsráða tafarlausri vistun fylgdarlausra barna í fóstur.
- Veita börnum í leið að alþjóðlegri vernd upplýsingar um réttindi og þjónustu í samræmi við aldur.
- Tryggja viðeigandi þjálfun um framkvæmd hagsmunamats og rétt barna til þátttöku.
- Tryggja að aldursmat sé framkvæmt með þverfaglegum aðferðum og tryggja að viðkomandi einstaklingur njóti alltaf vafans.



Sérstakar verndarráðstafanir

- Tryggja að þátttaka barna á vinnumarkaði sé í samræmi við alþjóðlegar reglur.
- Taka upp verklag til þess að auðkenna börn sem eru fórnarlömb mansals og tryggja að fagfólk fái viðeigandi fræðslu.
- Samþykkja lög sem miða að því að vernda réttindi barna í réttarkerfinu m.a. með því að banna birtingu á nafni barns hefur framið afbrot.
- Styrkja úrræði fyrir börn sem hafa sýnt af sér óviðeigandi kynferðislega hegðun.



Valfrjálsar bókanir o.fl.

- Tryggi að hvers kyns sala á börnum sé refsiverð, taka upp úrræði til að koma eins fljótt og auðið er auga á börn sem hafa tekið þátt í vopnuðum átökum o.fl.
- Fullgilda þriðju valfrjálsu bókunina um sjálfstæða kvörtunarleið.
- Fylgja eftir lokaathugasemdunum og gera barnvæna útgáfu af þeim.



Næstu skref

- Aðgerð 7.2. í þingsályktun um Barnvænt Ísland.
 - Verkefnahópur sem stóð að ritun skýrslu til barnaréttarnefndarinnar skal leggja fram viðbragðsáætlun um hvernig stjórnvöld áætli að bregðast við lokaathugasemdunum.
- Stýrihópur í málefnum barna og stýrihópur um mannréttindi.